

Stjórnarfundur Geðhjálp 15.01.2015

Mættir: Hrannar, Sylviane, Bergþór, Þórður, Róbert, Anna Gunnhildur og Jón.

1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar (MHH).

Fundargerð lesin og samþykkt án athugasemda.

2. Landshlutadeildir/klúbbar/sjálfbóðaliðar, minnisblað vegna skipulags starfsemi (HJ).

Rætt var um stofnun og uppbyggingu félagsins á landsbyggðinni og ólíkt skipulagsform. HJ upplýsti að þau AGÓ myndi halda kynningarfund um Geðhjálp á Ísafirði 5. febrúar.

Engar ákvarðanir teknar og málinu frestað til næsta fundar.

3. Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ), minnisblað vegna áhuga á aðild (HJ).

Farið var yfir minnisblað frá AGÓ um starfsemi MRSÍ.

Samþykkt að sækja um aðild að MRSÍ.

4. I had a Black Dog, útgáfa, gjafaeintök/sölueintök, málþing(HJ, AGÓ)

Anna Gunnhildur greindi frá ferlinu og samskiptum við höfund bókarrinnar.

Stefnt er að því að bókin komi út í maí. Höfundurinn mun fylgja henni úr hlaði með erindi á ráðstefnu/í útgáfuhófi í tilefni af útgáfunni í vor. HJ skrifar inngang í bókina fyrir hönd Geðhjálp.

Ákveðið var að gefa eintök af bókinni til stofnana og félagsamtaka og selja hana á hóflegu verði. Alþingi Íslendinga verða gefin eintök af bókinni.

Prentuð verða 2.000 eintök.

5. Húsnæðismál (HJ).

Samþykkt var að gera tilboð í Borgartún 30, 2. hæð, upp á 85 mkr. Tilboðið gildir til í einn dag eða til kl. 16.00 þann 16. janúar.

Rætt um möguleika á því að leigja út hluta af húsnæðinu og jafnvel selja hluta af því. Gera þarf breytingar og lagfæringar á húsnæðinu. Kostnaðurinn gæti numið á bilinu 10 til 15 mkr.

6. Önnur mál.

- Rætt um ársreikning félagsins. Vangaveltur um hver eða hvaða fyrirtæki verði fengið til að sjá um verkefnið. AGÓ mun athuga hagkvæmasta og besta kostinn fyrir félagið.
- Rætt um hópavinnu um geðheilbrigðismál á vegum velferðarráðuneytisins. Hóparnir eru komnir mislangt á veg með vinnuna.
- AGÓ greindi frá hugmynd að eftirfylgniráðstefnu um *Börn og ungmenni með tvíþættan vanda*. Hugmyndin er að halda opinn morgunverðarfund í mars. Óskað hefur verið eftir afnotum af sal Íslenskrar erfðagreiningar í því sambandi. Áður verður væntanlega efnt til vinnufundar með fulltrúum helstu stofnana.
- Fljótlega þarf að leggja drög að aðalfundi félagsins í mars. Þeir stjórnarmenn sem eru á öðru ári í stjórn eru á leið út úr stjórninni nema þeir bjóði sig fram á nýjan leik. AGÓ ætlar að fara yfir lög félagsins um fjölda í aðal- og varstjórn, og tímamann sem þeir sitja í stjórn.

Fundi slitið klukkan 19:15.